

## **Timbur er umhverfisvænsta hráefni til byggingaframkvæmda í heiminum**

Við getum minnkað CO<sub>2</sub> í andrúmsloftinu á tvennan hátt, með því að minnka útstreymið og með því að fjarlægja það úr andrúmsloftinu og binda það í trjánum. Með því að nota timbur gerum við hvorutveggja.

Ef við notum 1m<sup>3</sup> af timbri í hús, þá minnkum við losunina um 1 tonn af CO<sub>2</sub>, sem er kolefnið í trénu. Við framleiðslu á byggingum með öðrum byggingaraðferðum er notað að meðaltali 1 tonn af CO<sub>2</sub>. Með því að nota timbur í staðinn fyrir önnur byggingarefni spörum við því 2 tonn af CO<sub>2</sub>. Eitt tonn af CO<sub>2</sub> samsvarar útblæstri frá 430 lítrum af bensíni.

Skógar á landinu binda nú um 400 þúsund tonn af CO<sub>2</sub> árlega. Í dag þekja ræktaðir skógar aðeins 0,42 % landsins. Unnið er að því að ræktaðir og náttúrulegir skógar geti þakið um 4 prósent landsins árið 2040. Trén eru geymsla CO<sub>2</sub> í formi kolefnis. Þess vegna eigum við að nota timbur til að bæta umhverfisgæði okkar.

Skógræktin, Landssamtök skógareigenda, Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Nýsköpunarmiðstöð Íslands gerðu með sér viljayfirlýsingu um að efla gæðamál í nýtingu á timbri sem kemur úr íslenskum skógum.

Ísland er skóglítið land og möguleikar til skógræktar miklir. Um hundrað ára saga íslenskrar skógræktar hefur sýnt að hægt er að rækta trjategundir til timburiðnaðar með góðum árangri. Vísindamenn telja að hlýnun jarðar næstu áratugi sé óumflýjanleg. Það muni hafa í för með sér mikla gróðureyðingu á heitum svæðum og bráðnun jökla, sem raskar jafnvægi hafstrauma. Vestrænar þjóðir reiða sig á skóga og timbrið sem úr þeim kemur. Ísland er þar engin undantekning. Mikill innflutningur á timbri er til landsins með tilheyrandi kolefnislosun. Skógarbændur á um 500 skógræktarjörðum eru með aðild að Landssamtökum skógareigenda. Allt bendir til þess að þessi tala muni hækka ef miðað er við aðsókn landeiganda vítt og breitt um landið sem vilja hefja skógrækt. Langflestir skógarbændur eru að rækta skóg til timburframleiðslu og má því segja að aukið skjól, hefting jarðfoks, ríkulegri beitarmöguleikar, aukin uppskera, jafnari vatnsbúskapar og kolefnisbinding séu dæmi um aukaafurðir skógarins. Með skógrækt má byggja upp atvinnu á landsbyggðinni, allt frá plöntuframleiðslu, gróðursetningu og umhirðu jafnt og þétt fram að lokahöggi.

Úr íslenskum skógum má vinna gæðavið af ýmsu tagi. Auk þess sem kolefnisfótspor íslensk timburs er takmarkað er það ekki síðra að gæðum en það innflutta sé rétt að verki staðið við ræktunina. Samhliða vel hirtum og stækkandi skógum fer skógarmenning á Íslandi einnig vaxandi og er það tilhlökkunarefni

að vita til þess að Ísland geti orðið sjálfu sér nægt um íslenskt timbur í ekki svo fjarlægri framtíð.

Límtré Vírnet hefur ákveðið að koma í samstarf við verkefnið og hefja tilraunaframleiðslu á límtré úr íslenskum skógarviði. Fyrirtækið er stolt af því samstarfi sem framundan er við aðila verkefnisins sem felst í frekari rannsóknum á því hvort hægt sé að rækta sjálfbæra nytjaskóga til timburframleiðslu á Íslandi.

Árið 2018 var sérstaklega farsælt fyrir Límtré Vírnet þar sem slegið var met í límtrésframleiðslu og yfir 3000 m<sup>3</sup> af fullunnum límtrésbitum voru framleiddir úr u.þ.b. 4000 m<sup>3</sup> af timbri frá FSC<sup>1</sup> vottuðum sænskum nytjaskógum.

Þeir sjá þann möguleika að verkefnið stuðli að markmiði fyrirtækisins um kolefnisjöfnun, jafnframt innleiðingu á viðurkenndu stöðlunum ISO 9001, gæðastjórnunarstaðli og ISO 14001, umhverfisstjórnunarstaðli. Með því axlar Límtré Vírnet ábyrgð gagnvart samfélaginu og sýnir þannig í verki að fyrirtækið ætlar ekki láta sitt eftir liggja til að sporna við þeirri miklu vá sem mannkynið stendur frammi fyrir hvað varðar umhverfismál.

Límtré Vírnet ætlar að leggja sitt af mörkum til að skapa enn blómlegri timburiðnað hér á landi og taka þátt í því að minka kolefna losun hér á landi.

---